



Borgarráð

Reykjavík, 14. september 2026

MSS26090053

Framtíð skólamála í Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykkti að stofnað verði til samtals um sókn Reykjavíkurborgar í leik- og grunnskólum við kennara og annað starfsfólk í leik- og grunnskóla. Vinnuna leiði Björg Magnúsdóttir forseti borgarstjórnar ásamt Bjarna Fritzsyni formanni skóla- og frístundaráðs og Sigrúni Ástu Einarsdóttur formanni leikskóla- og daggæsluráðs, í samstarfi við skóla- og frístundasvið.

Greinargerð:

Í samstarfsyfirlýsingu meirihluta borgarstjórnar kemur fram að blásið skuli til stórsóknar í menntamálum og efla leik- og grunnskóla sem kostur er. Í því felst að gera líf fjölskyldna í borginni betra með því að taka vel utan um þessa málaflokka.

Þá segir í verkefnalista meirihlutans: „*Við ætlum að setja okkur mælanleg markmið um aukinn árangur í skólastarfi og stefna að skólakerfi í fremstu röð.*”

Í niðurstöðum í PISA könnunarinnar sem kynnt var 7. september síðastliðinn kemur fram að frammistaða íslenskra nemenda er undir meðaltali OECD-ríkja og síðri en frammistaða jafnaldra þeirra annars staðar á Norðurlöndunum á öllum þremur sviðum rannsóknarinnar. Niðurstöðurnar kalla á náið samtal við kennara og annað starfsfólk um framtíð skólamála í Reykjavík. Á meðal verkefna verði málstofa í Tjarnarsal Ráðhússins á haustönn með kennurum og öðru starfsfólki í leik- og grunnskóla þar sem yfirskriftin verður: *Hvernig komum við skólastarfi í Reykjavík í fremstu röð?* Í kjölfar málstofunnar verði unnin einföld samantekt og aðgerðaráætlun sem lögð verði fyrir skóla- og frístundaráð og leikskóla- og daggæsluráð og jafnframt rædd í borgarstjórn.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri



Reykjavík